

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1980.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1980.

Fiskmjöl, \$ 8.35 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 65% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður breytt.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 18. febrúar 1980.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*

Nr. 148.

22. febrúar 1980.

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1980.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1980:

| Óverkaður saltfiskur:        | U. S. \$ pr. lest fob. |
|------------------------------|------------------------|
| Stórfiskur nr. 1 .....       | 2 900                  |
| Millifiskur nr. 1 .....      | 2 700                  |
| Smáfiskur 40/60 nr. 1 .....  | 2 300                  |
| Smáfiskur 60/100 nr. 1 ..... | 2 200                  |

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 22. febrúar 1980.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*